

Vinnufundur stjórnar Fáks 25. september 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þórir Örn Grétarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Leifur Einar Arason, Svaðar Magnússon og Heiðrún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Almannadalur

- Gámar (dómpallur) við völl – Þessir gámar voru settir þarna í leyfisleysi og þá þarf að fjarlægja. Stjórn Fáks hefur skrifað bréf til þess aðila sem ábyrgur er fyrir gámunum þar sem honum er gert að fjarlægja gámana fyrir 1. nóvember næstkomandi. Ef ábyrgðaraðili verður ekki við þessum óskum mun Fákur láta fjarlægja gámana á kostnað þess aðila.
- Vinnuskúrar – Tóti, í samstarfi við Þorgeir formann Almannadalsfélagsins, mun ganga á eftir því að þessir skúrar verði fjarlægðir sem fyrst.
- Verktaki sem nýtir Almannadalssvæðið sem tipp – Hjörtur mun hringja í hann og reyna að stöðva þetta sem fyrst.
- Reiðhöll/skemma – Reiðhallarlóð samkvæmt deiliskipulagi verður auglýst á næstunni. Einnig verður hesthúslóð sem Fákur á, auglýst með þann möguleika að reisa reiðskemmu á lóðinni, með fyrirvara um deiliskipulagsbreytingu.
- Yfirbyggt hringgerði – Búið er að fá verkata í að tæta upp gólfíð í hringgerðinu og bæta í það. Verður gert á næstu dögum.
- Opinn, ófrágenginn grunnur – Járnbindingar standa upp í loftið og þar sem grunnurinn liggar við hliðina á reiðvegi, gæti skapast stórhætta af þessu. Stjórn Fáks leggur til að Almannadalsfélagið beiti sér fyrir því að þessu verði kippt í liðinn.
- Fundur með Almannadalsféluginu – Stjórn Fáks mun funda með stjórn Almannadalsféluginu á næstunni og fara yfir málin fyrir veturinn.

3. Veitingasalir

Laga þarf báða salina. Í félagsheimilið vantar myrkunargluggatjöld og einfalt hljóðkerfi. Einnig er á dagskrá að setja upp stóran pall við félagsheimilið sem stendur út að stóra vellinum og kynbótabrautinni. Tóti ætlar að fá tilboð í þessi verk.

Dagsetning á uppsögn hjá núverandi leigutaka er 1. febrúar 2018. Stjórn Fáks samþykkir að auglýsa eftir rekstraraðilum sem eru tilbúnir að reka annan eða báða salina. Núverandi rekstraraðila gefst tækifæri á að sækja um að nýju.

4. Félagshesthús

Mikil ásókn er í félagshesthúsið fyrir komandi veturn og það vantar fleiri pláss til að koma til móts við eftirspurnina. Í hesthúsinu við hliðina á félagshesthúsinu hafa boðist fleiri pláss og samþykkir stjórn að semja við eiganda um að leigja þann fjölda plássa sem þörf er á fyrir börn og unglings á komandi vetrí.

5. Hestaleigur

Stjórn Fáks mun rukka þær hestaleigur sem eru á Fákssvæðinu um aðstöðugjald, sambærilegt við það sem reiðskólarnir á svæðinu eru að greiða. Boðað verður til fundar með forráðamönnum hestaleiganna á næstunni og næstu skref ákveðin í sameiningu með þeim.

6. Reiðskólar

Gerðin sem reiðskólarnir höfðu not af í sumar voru tekin út 15. september síðastliðinn. Annað gerðið var í ömurlegu ástandi og hefur verktaki verið fenginn til að moka útúr því. Reikningur fyrir þeirri vinnu verður sendur á þann reiðskóla sem hafði afnot af gerðinu.

Stjórn Fáks hefur ákveðið að segja upp gildandi samningum við báða reiðskólana og semja upp á nýtt ef forsendur verða til staðar. Aðstöðugjöld munu hækka í nýjum samningum.

7. Reiðhöll

Eftirfarandi er samþykkt verðskrá fyrir TM-reiðhöllina árið 2018:

- Aðgangur
 - Atvinnumaður: 45.000 kr/ár + lykill
 - Almennur félagsmaður (aðgangur eftir kl. 16): 10.000 kr/ár + lykill
- Útleiga
 - 1 klst. öll höllin – 10.800 kr (einungis hægt að leigja heilan eða hálfan dag ef leigjandi er ekki í Fáki)
 - 1 klst. hálf höllin – 6.500 kr
 - 1 klst. hálf höllin – 3.900 kr fyrir félagsmenn Fáks v/reiðkennslu
 - 30 mín hálf höllin – 2.500 kr fyrir félagsmenn Fáks v/reiðkennslu
 - 10 klst. hálf höllin – 31.200 kr
 - 5 klst. hálf höllin – 17.200 kr

Fengist hafa fjárfamlög til viðgerða í reiðhöllinni sem farið verður í í nóvember næstkomandi. Verkefnalistinn er langur og verður verkefnum raðað eftir forgangi.

Verkefnalisti:

- Batti sem liggur að stúku, lækka og endurnýja
- Endurnýja ljós
- Skipta út hurð í suðurenda
- Viðgerðir vegna leka, verkfræðingur í málinu
- Gluggar á vesturhlið, verkfræðingur í málinu
- Endurnýja efni í gólfí – loka höllinni mánaðarmótin okt/nóv
- Klaða af þulastúku – komið tilboð
- Festa laus sæti í stúku
- Myndavéla kerfi – fá tilboð
- Tiltekt í geymslum
- Hundadót ofl.
- Stúka af kaffihús
- Fara yfir loftræstikerfi



8. Keppnisjakkar

Til eru prototýpur af nýjum keppnisjökkum Fáks úr softshell efni bæði í karlmanns- og kvenmannssniði. Eitt af þeim verkefnum sem þarf að ganga í sem fyrst svo allt verði klárt fyrir landsmót. Þórunn Eggertsdóttir hefur boðist til að leita eftir tilboðum í framleiðslu á þessum jökkum og Tóti fylgir þessu eftir.

Einnig þarf að fá tilboð í Fáks peysur/jakka fyrir félagsmenn.

9. Önnur mál

a. Neðri Fákur

Stjórn Fáks vill halda áfram að berjast fyrir því að reiðleiðinni í gegnum Elliðadalinn verði haldið opinni en forsenda fyrir því að hún verði áfram opin er að það verði hestatengd starfssemi í hesthúsunum í neðri Fáki. Því þarf að finna starfssemi sem gæti hentað í þessum fjórum hesthúsum sem þarna eru staðsett.

b. HRFÍ

HRFÍ vantar húsnæði fyrir skrifstofur sínar. Reykjavíkurborg vill kanna möguleikann á því að Fákur bjóði HRFÍ að nýta aðstöðu í reiðhöllinni, svo sem hluta af anddyrinu eða veislusalinn. Einnig hefur verið rætt um að byggja við norðurendann á reiðhöllinni.

Hjörtur, Maríanna og Svaðar munu funda með Reykjavíkurborg og HRFÍ um þessi mál.

c. C-tröð 1

Nýr eigandi hesthússins við C-tröð 1 vill byggja við og stækka reiðskemmuna. Stjórn Fáks setur sig ekki á móti því. Aðrir nágrannar geta gert athugasemdir þegar breytingin fer í grenndarkynningu.

d. Nefndir

Stjórn Fáks boðar allar nefndir til fundar þann 9. október næstkomandi í Guðmundarstofu þar sem farið verður yfir verkefni komandi tímabils.

e. Vallarmál

Samþykkt að loka Hvammsvellinum í veturni til að verja hann fyrir næsta sumar. Efnið í vellinum er hestvænt (lítið um áverka á undanförnum mónum) en aðeins hefur verið kvartað yfir að lítil fjöldun sé í vellinum. Athuga með að setja ljósara yfirlag fyrir mótin í vor.

f. Viðburðadagatal

Viðburðadagatal tímabilsins verður klárt eftir nefndakvöldið en búið er að festa stærstu viðburðina:

- Stórsýning Fáks – 21. apríl 2018
- Reykjavíkurmeistaramót Fáks – 8.-13. maí 2018
- Gæðingamót Fáks og úrtaka fyrir LM – 25.-27. maí 2018

g. Þjálfarar fyrir Fáks börn og unglings á LM2018

Svaðar og Hjörtur tala við Sigurbjörn Bárðarson um að halda utan um þetta verkefni og fá fólk með sér í þetta.

Fleira ekki bókað og fundi slitið

Hljóbergstofa
Hljóðunarsíg.

